



Bekkjarnámskrá 7. bekkjar

Skólaárið 2016 – 2017

Umsjónarkennari
Unnur Ósk Unnsteinsdóttir

Efnisyfirlit

Íslenska	5
Lestur.....	5
Hæfniviðmið	5
Inntak náms og kennslutilhögun.....	5
Námsefni.....	5
Námsmat.....	5
Talað mál og framsögn.....	6
Hæfniviðmið	6
Inntak náms og kennslutilhögun.....	6
Námsefni.....	6
Námsmat.....	6
Hlustun og áhorf	6
Hæfniviðmið	6
Inntak náms og kennslutilhögun.....	6
Námsefni.....	6
Námsmat.....	6
Ritun og stafsetning	6
Hæfniviðmið	6
Kennslutilhögun	7
Námsefni.....	7
Námsmat.....	7
Bókmenntir og ljóð.....	7
Hæfniviðmið	7
Kennslutilhögun	7
Námsefni.....	7
Námsmat.....	7
Málfræði.....	7
Hæfniviðmið	7
Kennslutilhögun	7
Námsefni.....	8
Námsmat.....	8
Stærðfræði	8
Hæfniviðmið	8

Inntak náms og kennslutilhögun	8
Námsefni	8
Námsmat	8
Enska	8
Hæfniviðmið	8
Hlustun	8
Lestur	9
Talað mál	9
Ritun	9
Inntak náms og kennslutilhögun	9
Námsefni	9
Námsmat	9
Danska	9
Hæfniviðmið	9
Lesskilningur	9
Samskipti	9
Ritun	9
Menningarlæsi	9
Hlustun	10
Námsefni	10
Inntak náms og kennslutilhögun	10
Námsmat	10
Samfélagsfræði	10
Landafræði	10
Hæfniviðmið	10
Kennslutilhögun	11
Námsefni	11
Námsmat	11
Náttúrufraði	11
Hæfniviðmið	11
Lífvísindi	11
Umhverfisfræði og eðlisvísindi	11
Námsefni	12
Inntak náms og kennslutilhögun	12

Námsmat.....	12
Lífsleikni.....	12
Hæfniviðmið.....	12
Inntak náms og kennslutilhögun.....	13
Námsefni.....	13
Námsmat.....	13
Heimilisfræði.....	13
Hæfniviðmið.....	13
Námsefni.....	13
Inntak náms og kennslutilhögun.....	13
Námsmat.....	13
Tölvu/ Upplýsingatækni.....	14
Hæfniviðmið.....	14
Inntak náms og kennslutilhögun.....	14
Námsefni.....	14
Námsmat.....	14
Textílmennt.....	14
Hæfniviðmið.....	14
Handverk, aðferðir og tækni.....	14
Sköpun, hönnun og útfærsla.....	14
Menning og umhverfi.....	15
Inntak náms og kennslutilhögun.....	15
Námsefni.....	15
Námsmat.....	15
Myndmennt.....	15
Hæfniviðmið.....	15
Inntak náms og kennslutilhögun.....	16
Námsefni.....	16
Námsmat.....	16
Hönnun og smíði.....	16
Hæfniviðmið.....	16
Handverk, aðferðir og tækni.....	16
Sköpun, hönnun og útfærsla.....	16
Menning og umhverfi.....	16

Inntak náms og kennslutilhögun	17
Námsefni	17
Námsmat	17
Skólaíþróttir	17
Hæfniviðmið	17
Líkamsvitund, leikni og afkastageta	17
Félagslegir þættir	17
Heilsa og efling þekkingar	17
Öryggis- og skipulagsreglur	18
Inntak náms og kennslutilhögun	18
Námsmat	18
Skólasund	18
Hæfniviðmið	18
Námsmat	18

Íslenska

Kennari: Unnur Ósk Unnsteinsdóttir

Lestur

Hæfniviðmið

Nemandi

- nái góðum leshraða og geti lesið af öryggi og með viðunandi skilningi almenna texta
- þjálfist í notkun orðabóka, annarra handbóka og gagnasafna
- geti gert útdrætti, munnlega og skriflega, úr því sem hann hefur lesið
- geti aflað sér upplýsinga úr rituðum heimildum, bókum, margmiðlunarefni og af netinu og unnið úr þeim
- velji sér bækur, af skólasafni eða annars staðar frá, til að lesa sér til ánægju
- taki þátt í umræðum um lesna texta
- geti lesið úr töflum og myndritum
- geti lesið margvísleg fyrirmæli og farið eftir þeim

Inntak náms og kennslutilhögun

Nemendur lesa daglega í yndislestrarbókum heima og í skólanum. Í þemaverkefnum er farið fram á að nemendur afli sér upplýsinga úr bókum, af Internetinu, úr dagblöðum eða á annan hátt. Unnið er með kennsluaðferðina Orð af orði sem leið til að efla lesskilning, auk annarra kennsluaðferða.

Námsefni

Blákápa, ýmsar smásögur, frjálslestrarbækur og efni sem tengist þemaverkefnum.

Námsmat

Hraðlestrar-, framsagnar- og lesskilningskannanir, bókaumfjöllun og virkni.

Talað mál og framsögn

Hæfniviðmið

Nemandi

- geti tjáð sig frjálsglega frammi fyrir bekkjarfélögum sínum, t.d. við kynningu á hópverkefnum
- geti gert grein fyrir skoðunum sínum og rökstutt þær
- taki þátt í leikrænni tjáningu
- geti endursagt og/eða lesið upphátt sögur og ljóð með réttum áherslum
- geti rætt við bekkjarfélaga sína, t.d. þegar upp koma vandamál, og reynt að komast að sameiginlegri niðurstöðu
- fari eftir þeim reglum sem gilda þegar margir þurfa að tjá sig í einu
- temji sér að tala skýrt og áheyrilega við öll tækifæri

Inntak náms og kennslutilhögun

Nemendur lesa ljóð og sögur upphátt fyrir bekkjarfélaga og taka þátt í umræðum.

Námsefni

Lestrarbækur, ljóðabækur og efni frá kennara.

Efni tengt Stóru upplestrarkeppninni.

Námsmat

Verkefni metin jafnt og þétt yfir önnina.

Hlustun og áhorf

Hæfniviðmið

Nemandi

- hlusti á munnleg fyrirmæli og leiðbeiningar
- hlusti á útskýringar kennara og geti nýtt sér þær
- fylgist með umræðum og geti tekið þátt í þeim
- geti greint aðalatriði frá aukaatriðum og áróður, t.d. í auglýsingum
- geti hlustað með athygli á upplestur á ljóðum og sögum
- þjálfist í að horfa á fræðsluefni með athygli og vinna úr upplýsingum sem þar koma fram
- geti hlustað á stutta sögu og endursagt hana á skipulegan hátt, munnlega eða skriflega

Inntak náms og kennslutilhögun

Nemendur taka þátt í fundum, hlusta á upplestur samnemenda á ljóðum, sögum og verkefnum.

Námsefni

Ljóðalestur og annar fjölbreyttur texti. Myndbönd og ýmsir upplestrar.

Námsmat

Símat.

Ritun og stafsetning

Hæfniviðmið

Nemandi

- geti skrifað endursagnir
- hafi öðlast öryggi í að tjá hugmyndir sínar og skoðanir í rituðu máli
- geti samið sögur, ljóð og leikrit
- skrifi skýrt og greinilega og vandi allan frágang
- hafi öðlast hæfni í stafsetningu, greinarmerkjasetningu og vönduðum frágangi
- nái valdi á helstu atriðum stafsetningar

- hafi notað markvisst réttritunarorðabækur

Kennslutilhögun

Nemendur vinna ritunarverkefni reglulega. Einnig vinna nemendur í vinnubókum og skrifa eftir upplestri.

Námsefni

Mál er miðill, kennslubók í stafsetningu, sögubækur og efni frá kennara.

Námsmat

Upplestur nokkrum sinnum yfir hvora önn, ritunarbækur, virkni og heimanám.

Bókmenntir og ljóð

Hæfniviðmið

Nemandi

- lesi sögur, ævintýri, þjóðsögur, gamansögur, dæmisögur og lengri bækur
- lesi fjölbreytt efni sér til fróðleiks og skemmtunar að eigin vali miðað við lestrargetu og áhuga
- taki þátt í leiktúlkun á bókmenntatexta
- hafi rætt um bókmenntaefni
- hafi notað bókasöfn
- geti skrifað um bókmenntatexta
- geri sér grein fyrir hugtökunum aðal- og aukapersónur, umhverfi, boðskapur og ljóðstafir
- þekki hugtökin persóna, söguhetja, söguþráður og sögulok

Kennslutilhögun

Unnið verður með uppbyggingu texta, leiklestur, framsögn, mismunandi form ljóðsins, stuðla og höfuðstafi, rím og uppsetningu.

Námsefni

Ljóðahefti (efni frá kennara), ljóðbækur, *Bragfræði*, *Skrudda* og *Rauðkápa*. Einnig lesa nemendur í yndislestrarbókum ásamt öðrum texta í námsbókum og af Internetinu.

Námsmat

Þátttaka nemenda í vinnu í skólanum, ástundun þeirra og vandvirkni er metinn til einkunna.

Málfræði

Hæfniviðmið

Nemandi

- geti skilið málfræðilegar leiðbeiningar um málnotkun
- þekki orðflokkana nafnorð, sagnorð, lýsingarorð og fornöfn og helstu einkenni þeirra
- geti sambeygt algeng nafnorð og lýsingarorð í eintölu og fleirtölu
- læri að fallbeygja mannanöfn
- geri sér grein fyrir stigbreytingu og kynbeygingu lýsingarorða
- átti sig á muninum á nútíð og þátíð sagna og geti breytt tíð frásagna
- þekki mun samnafna og sérnafna og kyn orða og geti nýtt sér þá þekkingu við stafsetningu
- hafi gert sér nokkra grein fyrir setningaskipan og skiptingu texta í efnisgreinar
- hafi tamið sér að vanda mál sitt
- geti beitt tungumálinu rétt við ýmsar aðstæður
- hafi leikið sér með móðurmálið á margvíslegan hátt

Kennslutilhögun

Innlögn kennara, verkefnavinna af ýmsu tagi og umræður nemenda og kennara.

Námsefni

Málrækt 3, Skrudda I og II, Mál er miðill og Stoðkennarinn. Efni af Internetinu og frá kennara.

Námsmat

Vinnubækur, heimavinna, ástundun og vandvirkni. Kannanir teknar reglulega yfir veturinn.

Stærðfræði

Kennari: Sólrún Dögg Baldursdóttir

Hæfniviðmið

Nemandi

- þjálfist í því sem áður hefur verið kennt
- fáist við stærðfræðileg hugtök
- nái góðum tókum á ákveðnum sviðum stærðfræðinnar sem nýtast þeim í daglegu lífi
- nái tókum á atriðum eins og almennum brotum (samlagning og frádráttur), tugabrotum (samlagning, frádráttur, margföldun og deiling), flatarmáli, rúmmáli, flutningum, metrakerfinu, prósentureikningi, hornafræði, neikvæðum tölum, jöfnum, notkun hringfara, tölfræði og notkun vasareiknis
- geri sér grein fyrir mikilvægi og tengslum góðrar stærðfræðikunnáttu við hið daglega líf
- vinni skipulega og öðlist sjálfstæði í vinnubrögðum
- þjálfist í þrautalausnum og röksemdafærslum

Inntak náms og kennslutilhögun

Unnið er eftir vikuáætlunum frá kennara. Ný hugtök, tákn og nýjar aðferðir eru kynntar fyrir nemendum með beinni kennslu. Nemendur þjálfast í einstaklingsvinnu sem og para- og hópavinnu. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð, vandaðan frágang og uppsetningu dæma. Nemendur fylgjast að í efnispáttum en komið er til móts við mismunandi vinnuhraða nemenda m.a. með ítarefni.

Nemendur skila heimaðæmum reglulega.

Námsefni

Stika 3A og 3B, nemendabók og æfingahefti. Kennsluvefir, þemahefti og þjálfunarefni frá kennara.

Námsmat

Virkni, heimaðæmi, hópverkefni, paraverkefni, kaflakannanir og annarpróf.

Enska

Kennari: Unnur Ósk Unnsteinsdóttir

Hæfniviðmið

Nemandi:

Hlustun

- geti notað ensku til samskipta innan kennslustofu
- skilji ensku talaða á eðlilegum hraða í viðfangsefnum sem unnið er með
- geti hlustað eftir aðalatriðum og nákvæmisatriðum
- geti tengt saman upplýsingar sem hann heyrir og sjónrænar upplýsingar (t.d. ótextað myndefni)
- þjálfist í að vinna markvisst með orðaforða

Lestur

- geti lesið einfaldar smásögur
- geti lesið fræðsluefni og frásagnir um margvíslegt efni ætlað börnum
- þjálfist í að vinna markvisst með orðaforða

Talað mál

- geti tekið þátt í samskiptum innan kennslustofunnar, við kennara, við bekkjarfélaga og í samtalsæfingum
- geti sagt á skýran og skipulegan hátt frá viðfangsefni í námi
- geti beitt nokkuð markvisst þeim orðaforða sem hann hefur unnið með
- kunni að beita nútíð og þátíð algengra sagna, algengum fornöfnum, nafnorðum og lýsingarorðum

Ritun

- geti skrifað stuttan, samfelldan texta um eðlilega þætti daglegs lífs
- geti beitt einföldustu grundvallarreglum í rétttritun og málfræði af þekkingu
- hafi þjálfast í að vinna markvisst með orðaforða

Inntak náms og kennslutilhögun

Innlagnir kennara, þjálfun í lestri enskra texta og orðaforðavinna er stór hluti af kennslunni. Kennslan fer að hluta til fram á ensku svo að nemendur venjist því að nota tungumálið á sem eðlilegastan hátt og með viðeigandi málari.

Námsefni

Build Up! 2, Action, The Adventures of Tom Sawyer, Ensar Málfræðiæfingar A og ýmsir textar og verkefni frá kennara.

Námsmat

Virkni, kaflakannanir, munnleg próf og verkefni.

Danska

Kennari: Sigríður Elva Konráðsdóttir

Hæfniviðmið

Lesskilningur

Geti lesið einfalda og stutta texta með grunnorðaforða daglegs lífs um efni sem tengist þekktum aðstæðum og áhugamálum.

Samskipti

Geta kynnt sjálfan sig, greint frá aldri og fjölskyldu. Geti tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar. Spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst.

Ritun

Skrifað stuttar setningar úr því efni sem unnið hefur verið með. Lýsi í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamáli og vinum. Stafsett flest algengustu orðin og notað algengustu greinarmerki, eins og punkta og spurningarmerki.

Menningarläsi

Átti sig á skyldleika erlenda málsins við eigið móðurmál eða önnur tungumál í námi sínu. Sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til ytri umgjarðar Danmerkur t.d. landfræðilega legu, staðhátta og þekktra staða.

Hlustun

Skilið einfalt mál er varðar hann sjálfan og hans nánasta umhverfi þegar talað er skýrt og jafnvel með látbragði. Skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum. Einnig er mikið hlustað á söng

Námsefni

Start, lesbók og vinnubók. Einnig ítarefni frá kennurum, og efni af netmiðlum. kvikmyndir, lestextar og fleira sem getur aukið á fjölbreytni í kennslustundum.

Inntak náms og kennslutilhögun

Vinnubrögð sem notuð verða eru einstaklingsvinna, para og hópavinna, samskipta og tjáningaleikir, kvikmyndaáhorf og fleira efni frá veraldarvefnum sem gefur nemendum innsýn í Danmörku og danska menningu. Notast er við mismunandi kennsluhætti til að ná sem best til allra nemenda. Mikið af kennslunni fer fram í gegnum leik sem byggist á endurtekningu og upprifjun af lærðum orðaforða.

Leitast verður við að tengja grunnþætti Aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í viðfangsefni og sem dæmi um slíka nálgun má nefna:

- Læsi tengist allri vinnu nemenda með texta, orðaforða og hugtaka vinnu.
- Lýðræði og mannréttindi og jafnrétti tengjast samvinnu nemenda. Í dönskukennslunni er lögð mikil áhersla á para og hópavinna. Nemendur þurfa að geta unnið með öllum og taka tillit til þess að hæfni nemenda er misjöfn.
- Sjálfbærni tengist því að nemendur þurfa að sýna sjálfstæð vinnubrögð og hafa frumkvæði í hópa og para-vinnu.
- Heilbrigði og velferð tengist félagslegri vellíðan og tjáningu nemenda. Í dönskukennslunni eru nemendur þjálfaðir markvisst í tjáningu og unnið er að því að styrkja sjálfstraust nemenda til að efla færni í munnlegri tjáningu á dönsku.
- Sköpun tengist sérstaklega inn í dönskukennsluna í gegnum munnlega þáttinn. Nemendur gera stutta leikþætti og samtalsæfingar þar sem sköpunarhæfileikar nemenda fá að njóta sín.

Námsmat

Kaflapróf, hópverkefni, ýmis verkefni og vinnubækur.

Samfélagsfræði

Kennari: Unnur Ósk Unnsteinsdóttir

Landafræði

Hæfniviðmið

Nemandi

- kynnist landslagi, náttúrufari og auðlindum Norðurlandanna
- kynnist dæmum um ólík lífsskilyrði fólks á Norðurlöndum
- þekki helstu menningareinkenni Norðurlandanna, svo sem tungumál, trúarbrögð, líf skjör, menntamál og félagsmál
- þekki megin einkenni loftslags og gróðurfars Norðurlanda auk ríkjandi vinda og hafstrauma
- fjalli um hugtök eins og ríki, land, þjóð og landamæri
- þekki helstu atvinnuvegi Norðurlandabúa og framleiðslu þeirra og kynnist hvernig framleiðsla íbúanna og neysla þeirra hefur áhrif á náttúruna

- kunni dæmi um hvernig náttúran hefur haft áhrif á lifnaðarhætti fólksins
- þekki á Evrópukorti nöfn og legu ríkja í Norðurlandanna auk stærstu borga, áa, vatna, eyja, hafa og fjallgarða
- læri að lesa legu staðar á heimskorti út frá lengdar- og breiddargráðum
- læri að lesa af hefðbundnu staðfræðikorti upplýsingar um meginþætti landslags, landnotkun, búsetu og samgöngukerfi

Kennslutilhögun

Umræður, samlestur, hópavinna, einstaklingsvinna og fræðslumyndir

Námsefni

Norðurlönd, Norðurlönd vinnubók, Kortabók handa grunnskólum, efni af netinu og myndbönd.

Námsmat

Virkni nemenda, kannanir og verkefni.

Náttúrufræði

Kennari: Kristín Jónsdóttir

Hæfniviðmið

Stefnt er að því að nemendur:

- temji sér gott skipulag, öguð og vönduð vinnubrögð.
- geti unnið verkefni upp á eigin spýtur.
- geti unnið með öðrum.
- verði færir um að afla heimilda og geti miðlað þeim til annarra.
- sýni frumkvæði og seiglu.
- tileinki sér gagnrýna hugsun.
- tileinki sér vísindaleg vinnubrögð og aðferðir.
- geti gert einfaldar tilraunir og túlkað niðurstöður
- tileinki sér hugtakið sjálfbærni og temji sér hugsun og vinnubrögð með sjálfbærni að leiðarljósi.

Lífvisindi

- geti skilgreint hugtakið vistkerfi.
- átti sig á hvernig breytingar á einum þætti (ólífrænum sem lífrænum) í vistkerfi hafa áhrif á aðra þætti.
- þekki helstu hringrásir og lífsferla náttúrunnar, s.s. vatnshringrásina, fæðukeðjur og efnahringrásir.
- geri sér grein fyrir fjölbreytni lífvera í fersku vatni, helstu einkennum, lífsháttum og atferli.
- geri sér grein fyrir að ýmis utan að komandi efni eru lífríkinu skaðleg.
- átti sig á hvernig maðurinn getur haft áhrif á lífríki ferskvatnsvistkerfa.
- átti sig á skynsamlegri nýtingu ferskvatnsvistkefa.

Umhverfisfræði og eðlisvísindi

- fái tækifæri til að skapa eigin hugmyndir úr legu og prófi sig áfram með hugmyndir sínar.
- þjálfist í fínhyringum og efli samhæfingu hugar og handar.
- taki þátt í samvinnu með sameiginlegt markmið hópsins að leiðarljósi.

- gangi vel um vinnusvæði og fari vel með námsgögn.
- ígrundi vinnu sína og þjálfist í að hugsa í lausnum.
- læri að heita heimilda og vinna úr þeim með fjölbreyttum hætti.
- átti sig á vandamálum sem tengjast lífnaðrháttum mannsins og umgengni hans og nýtinu auðlinda jarðar.
- átti sig á mikilvægi og möguleikum til endurnýtingar og endurvinnslu.

Námsefni

- *Lífrikið í fersku vatni*
- *Myndbönd sem tengjast ferskvatnsvistkerfum*
- *Lego mindstorms education* ásamt forritum og brautum.
- Ýmiss konar tæknilego.
- Annað efni frá kennara

Inntak náms og kennslutilhögun

Við lestur námsefnis verða notaðar aðferðir eins og samlestur, gagnvirkur lestur og heimalestur.

Orð-af-orði kennsluhugmyndir/-aðferðir (KVL, hugtakagreininng, hugtakakort, Vennkort o.fl.) verða notaðar til að efla hugtakaskilning og orðaforða í greininni. Í verkefniavinnu nota nemendur ýmsar leiðir til lausna, s.s. leitarnám, þemavinnu, vattvangsathugthuganir, eintklingsvinnu sem og para- og hópavinnu. Nemendur vinna ýmis verkefni í vinnubók auk veggspjalda, bæklinga, ritgerða, glærusýninga og leikþátta allt eftir því hvað best hentar hverju viðfangsefni. Umræður miða að því að efla skoðanaskipti nemenda og tjáningu.

Leitast verður við að tengja grunnþætti Aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í viðfangsefni og sem dæmi um slíka nálgun má nefna:

- *Læsi* tengist allri vinnu nemenda með texta, orðaforða og hugtök.
- *Lýðræði og mannréttindi og jafnrétti* tengjast samvinnu nemenda, para- og hópavinnu. Nemendur þurfa að geta unnið með öllum og tekið tillit til þess að hæfni nemenda er misjöfn.
- *Sjálfbærni* tengist því að nemendur fá tækifæri til að takast á við ágreiningsefni og álitamál og beri sameiginlega ábyrgð á verkefnum sem unnin eru í samvinnu.
- *Heilbrigði og velferð* tengist félagslegri vellíðan og tjáningu nemenda. Í náttúrufræðikennslu verða nemendur þjálfaðir í tjáningu og unnið að því að styrkja sjálfstraust þeirra.
- *Sköpun* tengist verkefnavinnu af ýmsum toga. Nemendur vinna verkefni þar sem sköpunarhæfileikar þeirra fá að njóta sín.

Námsmat

Símat, leiðsagnarmat, jafningjamat og sjálfsmat. **Matsþættir:** Legó-vinna, vinnubók, önnur verkefni, frágangur og vandvirkni, vinnusemi, þrautseigja, sjálfstæði í vinnubrögðum, samstarfsvilji og þátttaka í umræðum.

Lífsleikni

Kennari: Unnur Ósk Unnsteinsdóttir

Hæfniviðmið

Nemandi

- geri sér grein fyrir hvernig tilfinningar hafa áhrif á hegðun og samskipti
- geri sér grein fyrir mikilvægi jákvæðrar hegðunar og samskipta
- öðlist styrk í að segja frá og bregðast rétt við misbeitingu og neikvæðu áreiti í samskiptum

- átti sig á líkamlegum, andlegum, tilfinningalegum og félagslegum breytingum sem verða í lífi einstaklings við það að breytast úr barni í ungling
- geti sett sameiginlegar reglur með öðrum í tengslum við ýmis viðfangsefni
- verði meðvitaður um gildi mannréttinda og jafnréttis
- geti tjáð og fært rök fyrir hugsunum, skoðunum, tilfinningum og væntingum gagnvart öðrum
- geri sér grein fyrir áhrifum fyrirmynda í mótun lífsstíls
- geri sér grein fyrir áhættu varðandi neyslu tobaks, áfengis og annarra vímuefna
- geti vegið og metið á gagnrýninn hátt kosti og galla mismunandi möguleika, hugmynda og svara
- geri sér grein fyrir gildi umhverfisverndar
- geri sér grein fyrir mikilvægi hollra neysluháttanna
- geri sér grein fyrir muninum á jákvæðum og neikvæðum samskiptum á netinu
- átti sig á kostnaði við eigin neyslu

Inntak náms og kennslutilhögun

Umræður nemenda og kennara, verkefnavinna af ýmsu tagi, fræðslumyndir, verkleg vinna og bekkjarfundir.

Námsefni

Ýmis verkefni frá kennara.

Námsmat

Virkni í tímum og verkefnavinna.

Heimilisfræði

Kennari: Unnur Ósk Unnsteinsdóttir

Hæfniviðmið

Nemandi

- þekki áhrif næringarskorts og ofneyslu fæðu á líkamann
- geti af öryggi matreitt og framreitt einfalda holla og gómsæta rétti og bakað eftir uppskriftum
- þjálfist í að skrifa uppskriftir í eigin bók
- fái þjálfun í þeim störfum sem eru daglegur hluti af heimilishaldi
- geti unnið í samvinnu og samstarfi við aðra og sett sig í spor annarra
- temji sér að virða jafnrétti, ólík sjónarmið og mismunandi siði og venjur
- temji sér að taka þátt í ánægjulegum samskiptum við borðhald
- fái æfingu í að nota straujárn
- geri sér grein fyrir mikilvægi persónulegs hreinlætis
- öðlist færni í að þvo upp í höndum og í uppþvottavél
- geri sér grein fyrir því hvers vegna hreinlæti er mikilvægt við meðferð matvæla

Námsefni

Gott og gagnlegt 3 og Gott og gagnlegt 3 vinnubók og efni frá kennara.

Inntak náms og kennslutilhögun

Verkefnavinna tengd næringu og hollu mataræði og verkleg þjálfun í eldamennsku, bakstri og fleiru sem við kemur daglegu heimilishaldi.

Námsmat

Símat sem byggt er á virkni og hegðun, verkefnum og öðru.

Tölvu/ Upplýsingatækni

Kennari: Unnur Ósk Unnsteinsdóttir

Hæfniviðmið

Nemandi

- kunni að búa til möppur, vista skjöl og prenta
- noti tölvu til að semja eigið efni
- hafi náð tökum á réttri fingrasetningu á lyklaborð, tileinkað sér blindskrift og réttar vinnustellingar
- geti sett inn myndir og gröf og töflur í texta
- kunni skil á pósthótti til að hafa samskipti við aðra innanlands og erlendis
- geti notað tölvuorðabækur og yfirlestrarforrit á íslensku og öðrum tungumálum
- hafi notað kennsluforrit í flestum greinum sem verkfæri við eigið nám
- hafi kynnst mismunandi hugbúnaði og gert sér grein fyrir notagildi hans
- geti geymt eigin upplýsingar á tölvutæku formi með skipulögðum hætti
- geti nýtt sér glærugerðarforrit
- geti nýtt sér töflureikni
- þekki helstu leitarmöguleika á Netinu og geti sótt efni þaðan

Inntak náms og kennslutilhögun

Sambætting við aðrar námsgreinar.

Nemendur gera æfingar eftir leiðbeiningum sem þeir fá.

Sýnikennsla, hópa-, para- og einstaklingsvinna.

Markmiðið er að nýta tölvur, spjaldtölvur og önnur hjálpargögn í sem flestum námsgreinum

Námsefni

Námsefni af netinu og ýmislegt efni frá kennara

Námsmat

Virkni og ýmiskonar verkefni.

Textílmennt

Kennari: Heiðbjört Antonsdóttir

Vikustundir: 80 mín. aðra hverja viku.

Hæfniviðmið

Stefnt er að því að nemendur geti:

Handverk, aðferðir og tækni

- notað sjálfstæð vinnubrögð
- kynnist eiginleikum efna sem unnið er með
- þjálfast í að taka mál af líkama og ákveða stærðir
- lært að taka upp snið og sníða fík
- áætlað efnisþörf
- saumað flóknari flík t.d. hettupeysu

Sköpun, hönnun og útfærsla

- tamið sér skipulögð og vönduð vinnubrögð
- sýnt fram á sjálfstæði í lita- og efnisvali við eigin sköpunarverk
- samið gróflega vinnuáætlun áður en byrjað er á viðfangsefni

- nýtt vel efni og garn sem unnið er með
- eftt þekkingu sína á verkmennt sem stuðlar að hagkvæmum vinnubrögðum og færni til að verða sjálfbjarga í verki
- gert sér grein fyrir að mistök og tilviljanir geta leitt til óvænts árangurs

Menning og umhverfi

- upplifað sköpunargleði við útfærslu eigin hugmynda
- notað handbækur greinarinnar og hugtök og heiti textílgreinarinnar
- sett textílvinnu og textílverk í samhengi við sögu, samfélag og listir
- þjálfast í að skoða og meta fullunna afurð sína og annarra og tjáð sig munnlega um verkin
- gert sér grein fyrir endurnýtingu og efnisveitum
- sýnt fram á sjálfstæði í lita- og efnisvali við eigin sköpunarverk

Inntak náms og kennslutilhögun

Megin tilgangur list- og verkgreina er að allir nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkfærni, sköpunarkraft, samhæfingu hugar og handar og ólíkra tjáningarleiða. Nemendur sníða og sauma hettupeysur og fá þjálfunarverkefni tengd saumavélinni. Nemendur vinna verkefni þar sem reynir á þekkingu á hugtökum sem tengjast textílmennt og færni þeirra til að nýta sér þau. Alltaf skal haft að leiðarljósi að byggja ofan á þá færni sem þau hafa þegar öðlast.

Grunnþættir menntunar eru hafðir að leiðarljósi þegar verkefnin eru skipulögð:

- *Læsi* fellst í því að sjá fyrir um framvindu verkefna og hvaða tækifæri eru í umhverfinu.
- *Sjálfbærni* kemur inn á nýtingu efnis sem aflað er í umhverfinu og endurnýtingu.
- *Lýðræði og mannréttindi* tengjast samvinnu og stuðningi nemenda hvert við annað.
- *Sköpun* er ríkur þáttur í allri verkefnavinnu, teikningum og útfærslu verkefna.
- *Heilbrigði og velferð* tengist sjálfstæði sem nemendur öðlast í verkefnagerð og ánægju með vel heppnaða afurð.

Námsefni

Nemendur læra að taka mál og sníða og flíkin saumuð. Þrjónað, heklað og saumað út eftri því sem tími vinnst til. Verkefni frá kennara og bækurnar *Hannyrðir í 3. – 6. bekk, Á þrjónunum* og *Saumahandbókin*.

Námsmat

Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum.

Myndmennt

Kennari: Berglind W. Árnadóttir

Hæfniviðmið

Nemandi

- efli skapandi hugsun og sjálfstæð vinnubrögð
- nái færni í vinnu með ólík efni
- útfæri mynstur og fléttur
- þekki hugtakið sjónarhorn og geri kannanir og verkefni út frá því
- vinni með stærðir og hlutföll
- noti módel og sníð sem hluta af vinnuferli
- kunni skissugerð og öðlist skilning á mikilvægi hennar sem eðlilegs hluta af vinnuferli
- geti lagt rökstutt mat á hönnun í umhverfi sínu
- viti að sólarljós og veðurfar hefur áhrif á liti umhverfisins

- geti beitt litum til að fá fram áhrif í mynd
- geti lýst munnlega skoðun sinni á mynd
- geri sér grein fyrir verðmæti og eiginleikum efna sem unnið er með hverju sinni
- blandi saman ólíkum efnum og noti margvíslega tækni í sömu mynd, svokallaða blandaða tækni
- þekki mun á handverki og fjöldaframleiðslu
- æfi skrautskrift

Inntak náms og kennslutilhögun

Lögð verður áhersla á fjölbreytt verkefni og samþættingu við aðrar námsgreinar.

Námsefni

Unnið verður með fjölbreytileg efni og verkfæri.

Námsmat

Vinna nemenda verður metin einstaklingslega eftir áhuga og virkni, símat.

Hönnun og smíði

Kennari: Baldur Hallgrímsson

Vikustundir: 80 mín. aðra hverja viku.

Hæfniviðmið

Stefnt er að því að nemendur geti:

Handverk, aðferðir og tækni

- notað aðferðir greinarinnar og geti beitt viðeigandi áhöldum
- valið og notað nokkur verkfæri og mælitæki á öruggan hátt
- gert grein fyrir nokkrum smíðaeftum sem unnið er með
- greint þarfir í umhverfi sínu og rætt mögulegar lausnir

Sköpun, hönnun og útfærsla

- unnið eftir einföldum, skriflegum vinnuleiðbeiningum
- tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu
- unnið eftir leiðbeiningum frá kennara og tileinkað sér nokkur hugtök greinarinnar
- gert grein fyrir hugtakinu tækni og hvernig það tengist vinnu hans
- tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt
- framkvæmt samsetningar og yfirborðmeðferð sem hæfa verkefnum
- lesið einfalda teikningu og smíðað eftir henni
- greint þarfir í umhverfi sínu og rætt mögulegar lausnir
- hannað og smíðað verkefni sem nýtir einfaldan orkugjafa
- úskýrt réttar vinnustellingar og valið viðeigandi hlífðarbúnað

Menning og umhverfi

- gert sér grein fyrir mikilvægi vandaðra vinnubragða og góðrar nýtingu á efnum
- upplifað sköpunargleði við útfærslu eigin hugmynda
- notað handbækur greinarinnar og hugtök og heiti greinarinnar
- eftt þekkingu sína á verkmennt sem stuðlar að hagkvæmum vinnubrögðum og færni til að verða sjálfbjarga í verki
- nemandi vinni út frá eigin hönnun og teitningu nytjahlut. Læri að nota viðeigandi verkfæri og umgengni við þau

Inntak náms og kennslutilhögun

Megin tilgangur list- og verkgreina er að allir nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkfærni, sköpunarkraft, samhæfingu hugar og handar og ólíkra tjáningarleiða. Hafa möppur til að halda utan um verkefni og teikningar. Grunnþættir menntunar eru hafðir að leiðarljósi þegar verkefnin eru skipulögð:

- *Læsi* fellst í því að sjá fyrir um framvindu verkefna og hvaða tækifæri eru í umhverfinu.
- *Sjálfbærni* kemur inn á nýtingu efnis sem aflað er í umhverfinu og endurnýtingu.
- *Lýðræði og mannréttindi* tengjast samvinnu og stuðningi nemenda hvert við annað.
- *Sköpun* er ríkur þáttur í allri verkefnavinnu, teikningum og útfærslu verkefna.
- *Heilbrigði og velferð* tengist sjálfstæði sem nemendur öðlast í verkefnagerð og ánægju með vel heppnaða afurð.

Námsefni

Hönnun og smíði 5-7. bekk. Verkefni frá kennara.

Námsmat

Símat, byggir á vandvirkni, áhuga og virkni í tímum. Nemendum gefin einkunn í annar lok.

Skólaíþróttir

Kennari: Bjartur Aðalbjörnsson

Hæfniviðmið

Nemandi

Líkamsvitund, leikni og afkastageta

- gert æfingar sem reyna á loftháð þol
- gert æfingar sem reyna á styrk og stöðugleika útlíma og bols
- gert flóknar samsettar æfingar sem reyna á liðurð og samhæfingu
- sýnt leikni í nokkrum mismunandi íþróttagreinum
- tekið þátt í stöðluðum prófum til að meta þrek og hreysti, lipurð og samhæfingu

Félagslegir þættir

- sýnt virðingu og góða framkomu hvort sem leikur vinnst eða tapast. Jafnframt viðhaft jákvæð og árangursrík samskipti til að efla liðsanda
- skýrt mikilvægi þess að hafa leikreglur, farið eftir þeim bæði í hóp- og einstaklingsíþrótt
- rætt líkamsvitund, kynheilbrigði, staðalímyndir í íþróttumfjöllun og tekið virka afstöðu og gegn ofbeldi

Heilsa og efling þekkingar

- gert sér grein fyrir gildi heilbrigðs lífarnis fyrir starfsemi líkamans og mikilvægi hreinlætis í tengslum við íþróttir og sundiðkun
- útskýrt misjafnan líkamlegan þroska einstaklinga og kynja
- notað hugtök sem tengjast sundiðkun og íþróttum
- tengt hlutverk taugakerfis, hjarta, blíðrásar og lungna við líkamlega áreynslu
- nýtt niðurstöður prófa til að setja sér skammtíma- og langtímamarkmið í íþróttum og heilsurækt og unnið að þeim
- sótt sér margvíslegar upplýsingar við undirbúning og úrvinnslu verkefna í skólaíþróttum og útivist

- notað mælingar með mismunandi mælinákvæmni við mat á afkastagetu
- tekið þátt í glímu og ýmsum leikjum
- tekið þátt á ábyrgan hátt í útivist með tilliti til aðstæðna og ratað um landsvæði eftir korti

Öryggis- og skipulagsreglur

- gert sér grein fyrir mikilvægi öryggis- og umgengnisregla og tekið ákvarðanir á þeim grunni.

Inntak náms og kennslutilhögun

Námið fer að hluta til fram í leikjaformi. Þrek og styrktaræfingar eru mikilvægur þáttur í náminu þar sem nemendur læra að efla þol og styrk með einföldum en árangursríkum hætti. Auk þess spila stöðvaþjálfun, boltaæfingar, hlaup og keppni stóran þátt. Grunnatriði í flestum íþróttagreinum eru þjálfuð.

Námsmat

Virgni, viðhorf, hæfni og hegðun eru matsþættir sem íþróttakennari metur jafnt og þétt yfir önnina. Nemandi fær einkunn sem er reiknuð út úr matsþáttunum.

Skólasund

Hæfniviðmið

Nemandi:

- fái aukna þjálfun í samhæfingu hreyfinga og tengingu þeirra í eina heild
- taki þátt í ýmsum æfingum og leikjum sem efla þol, hraða og viðbragð s.s. boðsundsleikjum og boltaleikjum
- nái góðum tókum á útfærslu hreyfinga og öndunar í: 25 m. bringusundi, 25 m. skólabaksundi, 25 m. baksundi og 8 m. kafsundi
- tileinki sér helstu atriði sem snúa að björgun úr vatni, þar á meðal 8 m. björgunarsund með jafningja, beita skal skólabaksunds fótatökum og leysitök
- nái að synda 50 m. bringusund þar sem tímalágmark er 80,0 sek., 25 m skriðsund þar sem tímalágmark er 35,0 sek. og 300 m. bringusund þar sem markmiðið er að geta synt vegalengdina innan 10 mín
- þjálfist í fjölbreyttum samvinnuverkefnum s.s. hópleikjum
- skilji helstu markmið æfinga og leikja í sundi auk þess að öðlast þekkingu á mikilvægi sunds og geti nýtt sér það til líkams- og heilsuræktar

Námsmat

Námsmatið er í samræmi við markmið í sundi auk símats og fá nemendur sérstaka einkunn fyrir sund, þ.e. vetrareinkunn og prófeinkunn.